

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 152/1989, **Ákærvaldið**
 254/1989 og (Björn Helgason saksóknari)
 86/1990. gegn

Þorláki Gesti Hálfðánarsyni
 (Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Líkamsárás. Tékkalagabrot. Reynslulausn. Náðun.
 Nafnritun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 12. apríl 1989 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 16. mars 1989 í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru, gefinni út 29. apríl 1988, á hendur ákærða og konu, er unir héraðsdómi. Þá hefur ríkissaksóknari einnig að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1989 dómi sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1989 í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru, gefinni út 20. febrúar 1989, á hendur ákærða einum. Loks hefur ríkissaksóknari með stefnu 22. febrúar 1990 að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1990 í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru, gefinni út 14. nóvember 1989, gegn ákærða og þremur öðrum, sem öll una héraðsdómi. Öllum þessum dómum er einnig áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingu ákærða.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Þess er ekki óskað, að skaðabótakröfur þær, sem um var dæmt í héraði, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Koma ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og vexti því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands 3. apríl 1990, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, fékk ákærði 1. desember 1981 leyfi til breyttrar nafnritunar í þjóðskrá, og er nafn hans skráð síðan Gestur Hálfðánarson, en var áður skráð Þorlákur Gestur Jensen. Tekið er fram, að breyting á nafnritun í þjóðskrá feli ekki í sér

breytingu á skírnarnafni ákærða, það sé eftir sem áður Þorlákur Gestur.

I.

Héraðsdómur 16. mars 1989.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsíákvæða í máli þessu.

II.

Héraðsdómur 28. apríl 1989.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsíákvæða í máli þessu.

III.

Héraðsdómur 9. febrúar 1990.

Ákærði var sýknaður af nokkrum ákæruatriðum máls þessa, svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi. Í V. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Héraðsdómari taldi atferli ákærða varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933. Ákæruvald unir þessum niðurstöðum. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsíákvæða í máli þessu.

IV.

Samkvæmt þessu verður ákærða gerð refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og 73. gr. tékkalaga.

Hinn 27. október 1986 var ákærða veitt reynslulausn skilorðsbundið í tvö ár á 220 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt fjórum dómum sakadóms Reykjavíkur. Enn fremur var honum hinn 17. september 1987 veitt náðun skilorðsbundið í eitt ár á tveggja mánaða fangelsisrefsingu samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1987. Brot þau, sem um ræðir í dómum sakadóms Reykjavíkur 16. mars og 28. apríl 1989, voru framin í nóvember 1986, um mánaðamótin september/október 1987 og 16. janúar 1988. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að eftir að síðast talda málið kom upp, hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið sett ákærða

21. janúar 1988 viðbótarskilyrði fyrir reynslulausninni, en hann sætti þá vararefsingu ógoldinna sektardóma. Hinn 28. janúar 1988 var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna skuldabréfa þeirra, er um ræðir í dómi frá 16. mars 1989. Daginn eftir gekkst ákærði hjá skilorðseftirliti ríkisins undir viðbótarskil-orð reynslulausnar sinnar. Sama dag tilkynnti rannsóknarlögregla ríkisins skilorðseftirlitinu, að ákærði hefði gengist við skjalafalsi. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sakadóms Reykjavíkur 11. maí 1988, sem rakið er í dómi 16. mars 1989, er þessarar afgreiðslu og viðbótarskilorðs að engu getið.

Með þessu hefur ákærði notið ívilnandi stjórnvaldsákvörðunar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Ekki er fram komið, að ákærði hafi á skilorðstímanum framið ný brot eftir 29. janúar 1988. Verður 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, ekki beitt, þegar svo stendur á sem í máli þessu.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af ákvæðum 72. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í átján mánuði. Til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu sá tími, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 5. til 12. apríl 1989.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málanna, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorlákur Gestur Hálfðánarson, sæti fangelsi átján mánuði. Til frádráttar refsingu hans komi sá tími, sem hann sat í gæsluvarðhaldi frá 5. til 12. apríl 1989.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð, hvað ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málanna, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. mars 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 16. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 132-133/1989: Ákærvaldið gegn Gesti Hálf-dánarsyni og X, sem tekið var til dóms 10. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 29. apríl 1988, á hendur ákærðu, „X [...], og Gesti Hálf-dánarsyni, fæddum í Reykjavík 27. apríl 1958, til heimilis að Yrsufelli 5, Reykjavík, fyrir skjalafals með því að standa saman að því að falska og nota í viðskiptum skuldabréf svo sem rakið er:

1. Fyrir að framvísa í Landsbanka Íslands í nóvember 1987 vegna lántöku þar skuldabréfi, að fjárhæð kr. 50.000, sem ákærða X gaf út þann 4. nóvember 1986 og falsaði með því að rita nöfn þeirra Lárusar F. Jakobs-sonar, nnr. 6017-4784, og Rögnu Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, heimildarlaust í reiti bréfsins fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðaraðila á láninu og nafn Jóhönnu Benediktsdóttur, nnr. 5008-7026, í reit fyrir áritun vitundarvotts að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði útgefanda.

2. Fyrir að greiða um mánaðamótin september/október 1987 Hallgrími Markússyni, Hlíðarhvammi 2, Kópavogi, vegna kaupa ákærðu á bifreið með skuldabréfi, að fjárhæð kr. 120.000, sem ákærði Gestur gaf út, dagsetti þann 30. september 1987 og falsaði með því að rita nöfn þeirra Lárusar Fjeldsteds Jakobssonar, Þangstöðum, Hofsósi, nnr. 6017-4784, og Rögnu H. Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, heimildarlaust í reiti bréfsins fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðaraðila.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í þinghaldi hinn 15. febrúar sl. krafðist verjandi ákærða Gestur þess, að ákæru í málinu yrði vísað frá dómi vegna rangrar verknaðarlýsingar í báðum ákærulíðum, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði þann 1. mars sl.

Málavextir.

1. Ákærðu hafa við rannsókn og meðferð málsins játað að hafa staðið saman að því að framvísa í nóvember 1986, en ekki 1987, eins og í ákæru greinir, í Landsbanka Íslands skuldabréfi, að fjárhæð kr. 50.000, sem ákærða X gaf út þann 4. nóvember 1986. Hefur ákærða játað að hafa falsað nafn Rögnu Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, í reit bréfsins fyrir sjálfskuldarábyrgðaraðila á láninu og nafn Jóhönnu Benediktsdóttur, nnr. 5008-7026, í reit fyrir áritun vitundarvotts að rétttri dag-

setningu, undirskrift og fjárræði. Ákærðu er jafnframt gefið að sök að hafa falsað á bréfið nafn Lárusar F. Jakobssonar, nnr 6017-4784, sem sjálfskuldarábyrgðaraðila. Því hefur hún neitað frá upphafi og borið, að það hafi ákærði Gestur gert. Hefur ákærði Gestur játað að hafa ritað nafn ofangreinds Lárusar á bréfið samkvæmt leyfi hins síðarnefnda.

Vitnið Lárus Fjeldsted Jakobsson hefur á hinn bóginn harðneitað bæði við rannsókn og meðferð málsins að hafa gefið leyfi sitt til ritunar nafns síns á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðila.

Ákærðu fengu lán út á skuldabréfið í Landsbankanum og notuðu andvirði þess til heimilisþarfa.

Samkvæmt framansögðu er sannað með játningum ákærðu og öðrum gögnum málsins, að þau hafa gerst sek um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru, að því undanskildu, að ákærða X er sýknuð af ákæru um, að hún hafi ritað nafn Lárusar F. Jakobssonar sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á skuldabréfið.

Þykir brot ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Röng verknáðarlýsing í ákæru, að því er varðar ártal framvísunar skuldabréfsins, sem leiðrétt var við meðferð málsins, og ritun nafns Lárusar F. Jakobssonar sem sjálfskuldarábyrgðaraðila þykir eigi vera slíkum annmörkum háð, að frávísun varði, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

2. Þá hafa ákærðu skýlaust játað að hafa um mánaðamótin september/október 1987 greitt Hallgrími Markússyni, Hlíðarhvammi 2, Kópavogi, vegna kaupa ákærðu á bifreið af Hallgrími kaupverð bifreiðarinnar með skuldabréfi, að fjárhæð kr. 120.000, sem ákærði Gestur gaf út og dagsetti 30. september 1987 og falsaði á nafn Rögnu H. Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, í reit bréfsins fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðaraðila. Ákærða Gestu er einnig gefið að sök að hafa falsað nafn Lárusar Fjeldsteds Jakobssonar, Þangstöðum, Hofsósi, nnr. 6017-4784, sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á bréfið. Hann hefur hins vegar ýmist neitað því eða játað. Ákærða X játaði strax í upphafi rannsóknar málsins og síðan fyrir dómi að hafa ritað nafn umrædds Lárusar sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á bréfið, og taldi ákærða það gert samkvæmt heimild Lárusar. Í þinghaldi hinn 22. nóvember sl. kvað ákærði Gestur það rétt vera hjá ákærðu X, að hún hefði ritað nafn Lárusar á bréfið með samþykki Lárusar.

Vitnið Lárus Fjeldsted Jakobsson hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins eindregið neitað að hafa gefið samþykki sitt til ritunar nafns síns sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á bréfið.

Framangreind kaup gengu til baka, og fékk seljandinn bifreiðina aftur í sínar hendur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er sannað með játningum ákærðu og öðrum gögnum málsins, að þau hafa gerst sek um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru, að öðru leyti en því, að ákærði Gestur er sýknaður af því að hafa ritað í heimildarleysi nafn Lárusar Fjeldsteds Jakobssonar á skuldabréfið í reit þess fyrir sjálfskuldarábyrgðaraðila.

Varðar brot ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Röng verknaðarlýsing í ákæru, að því er varðar ritun nafns Lárusar Fjeldsteds Jakobssonar á skuldabréfið, þykir eigi varða frávísun, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði Gestur lýsti því yfir við meðferð málsins, að hann notaði jöfnum höndum nafnið Gestur Hálfánarson og Þorlákur Gestur Jensen.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Gests var ákæru á hendur honum frest- að skilorðsbundið 2 ár frá 11. nóvember 1976 vegna þjófnaðar. Hinn 2. desember 1977 var ákærði dæmdur til greiðslu 160.000 króna sektar og 45 daga fangelsisvistar skilorðsbundið 2 ár fyrir skjalafals. Þann 1. ágúst 1979 var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið tvö ár fyrir skjalafals og þjófnað. Þá hefur ákærði frá 9. desember 1980 verið dæmdur í samtals 22 mánaða fangelsi vegna ýmissa hegningarlagabrota, aðallega skjalafals- og auðgunarbrota, síðast 2. apríl 1987, er hann var dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik.

Að auki hefur ákærði 8 sinnum verið dæmdur til sektargreiðslu eða sæst á slíkt fyrir dómi vegna umferðarlaga- og fikniefnabrota. Hinn 23. nóvember 1984 var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald vegna ölvunaraksturs og réttindaleysis við akstur.

Þá var ákærða hinn 27. október 1986 veitt reynslulausn skilorðsbundið 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 220 dögum.

Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 11. maí 1988, hlaut ákærði hinn 17. september 1987 náðun skilorðsbundið 1 ár á 2 mánaða fangelsisrefsingu samkvæmt dóminum frá 2. apríl 1987.

— — —

Refsingar.

Ákveða ber refsingu ákærða Gests með hliðsjón af 71. gr., 72. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga svo og með tilliti til 78. gr. sömu laga vegna dómsins frá 2. apríl 1987, að því er varðar brotið í 1. lið ákærunnar. Ákærði hefur með háttsemi sinni í báðum liðum ákærunnar rofið skilyrði reynslulausnarinnar frá 27. október 1986 og að því er fyrri brotið varðar, rétt eftir að hann hlaut hana. Ber því nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu ákærða í einu lagi fyrir brot

þau, sem nú er dæmt um, svo og með hliðsjón af þeirri refsivist, sem ólokið var, er honum var veitt reynslulausn. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða Gest til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfileg 40.000 krónur, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Gestur Hálfðánarson sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Gestur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1989.

Ár 1989, föstudaginn 28. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 224/1989: Ákærvaldið gegn Þorláki Gesti Hálfðánarsyni Jensen, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. febrúar sl., á hendur ákærða, „Þorláki Gesti Hálfðánarsyni Jensen, Írabakka 4, Reykjavík, kt. 270458-5809, fyrir líkamsárás með því að hafa 16. janúar 1988 að Yrsufelli 5 í Reykjavík ráðist á fyrriverandi sambýliskonu sína, Sigurbjörgu Laufeyju Þorsteinsdóttur, slegið hana hnefahögg í andlitið, svo að hún féll aftur fyrir sig á gólfið, sparkað í hana og misþyrmt henni á annan hátt með þeim afleiðingum, að hún rifbrotnaði og marðist á hálsvöðvum og á báðum handleggjum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 29/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Laugardaginn 16. janúar 1988 kl. 18.10 óskaði Sigurbjörg Laufey Þorsteinsdóttir lögregluaðstoðar að Yrsufelli 5 hér í borg. Kvað hún ákærða vera á leiðinni þangað undir áhrifum áfengis og lyfja og væri hann illvígur. Fóru tveir lögreglumenn á vettvang. Lauk ákærði upp dyrum fyrir þeim, en lokaði þeim strax aftur, er hann sá, hverjir voru þar á ferð. Óskuðu lögreglumennirnir þá eftir frekari aðstoð, og komu tveir lögreglumenn þeim til aðstoðar. Heyrðu lögreglumennirnir, að Sigurbjörg Laufey „hljóðaði á hjálp“, eftir að ákærði hafði opnað dyrnar og kallað: „Þið komið ekki hingað inn“ — og skellt hurðinni í lás. Ákváðu lögreglumennirnir þá að ryðjast inn og spörkuðu hurðinni upp, enda Sigurbjörg Laufey „með hljóðum inni í íbúðinni“. Var ákærði handtekinn þar inni og færður á lögreglustöðina að Hverfisgötu 113. Virtist hann ekki vera mikið drukkinn, „en greinilega í annarlegu ástandi“. Sigurbjörg Laufey lá á grúfu í íbúðinni og kvartaði um verk „í rifjahylki hægra megin“. Kvað hún ákærða hafa sparkað ítrekað (sic) í sig. Auðséd var af innanstokksmunum, að átök höfðu átt sér stað. Var Sigurbjörg Laufey flutt á slysadeild Borgarspítalans, þar sem læknar kváðu upp þann úrskurð, að tvö rifbein væru brotin í henni.

Sigurbjörg Laufey hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi farið að heiman frá sér að kvöldi 15. janúar 1988, en þau hafi verið gift og búíð saman. Hafi hann verið undir áhrifum áfengis og ef til vill einhvers fleira. Hafi hann verið búinn að vera „í rugli“ að minnsta kosti alla vikuna áður. Ákærði hafi komið heim kl. 8.00 um morguninn og spurt vitnið, hvort það ætlaði ekki að fara í vinnuna, og vitnið svarað því neitandi, þar sem það treysti honum ekki fyrir barni þeirra í því ástandi, sem hann var. Jafnframt kveðst vitnið hafa tjáð ákærða það, að nú væri öllu lokið milli þeirra og að hann skyldi koma sér burt. Hafi ákærði farið við svo búíð. Um kl. 18.00 hafi ákærði svo hringt og verið mjög æstur, þar sem hann hafi haldið, að bifreið sinni hefði verið stolið um morguninn, en vitnið hafði látið kunningja hans hafa lykla að henni. Ákærði hafi boðað komu sína og vitnið hringt strax í lögregluna, þar sem vitnið hafi ekki viljað fá hann inn á heimilið og eins af ótta við hann. Vitnið kveðst hafa sett öryggiskeðju á dyrnar, en ákærði hafi verið með lykil. Hafi hann opnað með honum og ruðst inn. Engum togum hafi skipt, að ákærði, sem hafi verið mjög æstur og í annarlegu ástandi, hafi slegið vitnið með krepptum hnefa í andlitið með þeim afleiðingum, að vitnið féll aftur fyrir sig á stól, sem datt og vitnið með honum, og rakst þá vinstri augabrún þess í borðrönd. Ákærði hafi þá spurt, hvar barn þeirra væri, og vitnið upplýst, að það hefði komið því fyrir á vistheimili hér í borg. Ákærði hafi þá alveg tryllst og sparkað mörgum sinnum í brjósthol vitnisins og bak, gjörsamlega

brjáláður, en áður hafi hann verið búinn að taka það hálstaki. Kveðst vitnið hafa veitt mótspyrnu eftir megni, en hún hafi verið lítil. Vitnið kveðst hafa orðið vart við, að lögreglan var komin, eftir að ákærði hafði ráðist á það. Kveðst vitnið hafa hrópað á hjálp, og hafi lögreglan brotið upp hurðina og handtekið ákærða.

Vitnið kveður, að ákærði og það hafi fengið lögskilnað í lok mars 1988.

Ákærði kveðst hafa hringt í Sigurbjörgu Laufeyju um kl. 19.00 greint sinn og tilkynnt, að hann væri á leiðinni heim, þar sem hann hefði frétt, að hún hefði látið ákveðinn mann hafa lykla að bifreið ákærða þá um morguninn. Er ákærði hafi komið heim, hafi hann fljótlega tekið eftir, að sonur þeirra var ekki heima. Hafi Sigurbjörg Laufey skýrt sér aðspurð frá því, að hún hefði komið honum fyrir á vistheimili. Ákærði kveðst þá hafa orðið „mjög vondur og sár“. Hafi hann slegið Sigurbjörgu Laufeyju með flötum lófa í andlitid og hún dottið við það á stól og síðan í gólfið. Ákærði kveðst hafa lyft henni upp, en hún þá sparkað í kynfæri ákærða. Við það hafi ákærði æst enn meira og slegið hana aftur í andlitid og hún hent sér í gólfið. Við rannsókn málsins kvaðst ákærði hafa sparkað í magann á Sigurbjörgu Laufeyju, þar sem hún hefði legið á gólfinu, en neitaði því fyrir dómi og kvaðst hafa verið illa fyrir kallaður við skýrslutökuna hjá lögreglu. Ákærði kveður, að bankað hafi verið á dyrnar og ákærði farið til dyra. Hafi hann þá séð, að lögreglan var komin, og skellt hurðinni aftur og haldið hurðarhúninum með vinstri hendi. Hafi lögreglumennirnir brotið hurðina upp og ákærði henst við það inn í hjónaherbergi og lent með höfuðið á fótagaflí hjónarúmsins. Þar hafi ákærði verið rifinn upp, kýldur í magann, handjárnaður og dreginn á hárinu út í lögreglubifreið.

Vitnið Guðjón Steinar Garðarsson lögreglumaður kveðst hafa farið á vettvang við annan mann að Yrsufelli 5 greint sinn að beiðni Sigurbjargar Laufeyjar. Hafi lögreglumennirnir farið strax upp og bankað á dyrnar. Ákærði hafi opnað, en skellt strax í lás, er hann hafi séð, hverjir voru á ferð, og sagt, að hann hefði ekkert við lögregluna að tala. Hafi ákærði verið í miklum ham og ofsafenginn. Lögreglumennirnir hafi af þeim sökum beðið um aðstoð, sem hafi komið mjög fljótt. Er hún hafði borist, kveðst vitnið hafa heyrt öskur frá konu og lögreglumennirnir þá ruðst inn. Ákærði hafi haldið í hurðarhúnin og fallið aftur á bak og inn í herbergi á móti útidyrhurðinni. Þar hafi ákærði, sem veitt hafi mótspyrnu, verið handjárnaður og færður út í lögreglubifreið. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði verið dreginn þangað á hárinu eða hann verið kýldur í magann, áður en hann var handjárnaður. Vitnið kveður Sigurbjörgu Laufeyju hafa kvartað undan verkjum í brjóstholi, en mundi ekki til þess, að hún kvartaði undan öðrum áverkum.

Vitnið Einar Ásbjörnsson lögreglumaður kveðst hafa ásamt starfsfélaga

sínum komið tveimur lögreglumönnum til aðstoðar að Yrsufelli 5 umrætt sinn. Er þangað kom, kveðst vitnið hafa heyrt óp gegnum dyrnar, sem hafi verið þannig, að lögreglumennirnir hafi talið óhjákvæmilegt að fara þar inn. Hafi þeir brotið upp dyrnar, en ákærði haldið við húninn, og við þetta hafi hann henst aftur á bak inn í íbúðina og verið handjárnaður í svefnherbergi beint á móti útidyrnum. Ákærði hafi veitt mótspyrnu við handtökuna, en bráð hafi af honum, eftir að hann hafði verið færður í handjárn. Hafi hann svo verið leiddur út í lögreglubifreið, enda orðinn rólegur. Vitnið kveðst ekki hafa slegið ákærða í magann greint sinn eða séð hina lögreglumennina gera það. Kveður vitnið, að Sigurbjörg Laufey hafi kvartað undan eymslum við rif og sagt, að ákærði hefði sparkað í brjósthól sér.

Vitnið Óskar Bjartmarz lögrefluflokksstjóri kveður, að lögreglumenn hafi verið komnir að Yrsufelli 5, er vitnið hafi farið þangað við annan mann. Er þangað hafi verið komið, kveðst vitnið hafa heyrt öskur og óhljóð í konu fyrir innan dyrnar. Hafi lögreglumennirnir þá brotið hurðina upp og farið inn í íbúðina. Við það hafi ákærði fallið á gólfíð við dyrnar að herbergi á móti útidyrnum. Minnti vitnið, að ákærði hefði verið handjárnaður, en mundi ekki til þess, að hann hefði veitt mótspyrnu. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði verið kýldur í magann eða dreginn á hárinu út í lögreglubifreið. Þá mundi vitnið ekki heldur til þess að hafa rætt við Sigurbjörgu Laufeyju á vettvangi.

Svo sem fyrr greinir, var Sigurbjörg Laufey flutt á slysaveiðstofu Borgarspítalans greint sinn. Segir í vottorði Leifs Jónssonar lækni, dagsettu 19. janúar 1988, að hún hafi komið þangað kl. 18.49. Við skoðun hafi verið eymsli bæði „direct og indirect“ um VII. og VIII. rif hægra megin, en lungnahlustun verið eðlileg og ekki neitt mar að sjá. Eymisli hafi verið á vinstri augabrún, en enginn skurður. Varir hafi verið blóðhlaupnar og bólgnar, en ekkert sár að sjá. „Diffus“-eymsli hafi verið við þreifingu um höfuð. Ekki hafi verið um brotaeinkenni að ræða nema frá rifbeinum.

Í vottorði sama lækni, dagsettu 11. febrúar sama ár, segir um eftirfarandi læknismeðferð Sigurbjargar Laufeyjar, að áverkar á henni samsvari allir grófum misþyrmingum og „clínískt séð“ sé hún brotin bæði um hægri rifjaboga svo og á fleiri rifjum vinstra megin á „costa- og chondrálsmótum“. Slík brot séu ekki „diagnostizeruð“ með röntgenmyndum, enda margsannað mál, að fólk geti verið margrifbrotið, án þess að neitt slíkt komi fram í röntgenmyndum. Segir í niðurlagi vottorðsins, að engin áverkamerki hafi sést á lungum, og „skuli staðhæft enn einu sinni, að sjúkl. er clínískt með fleiri rifbrot“.

Niðurstöður.

Sannað er með framburði vitnisins Sigurbjargar Laufeyjar Þorsteinsdóttur, læknisvottorðum, stoð í framburði lögreglumanna og ákærða sjálfs,

að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Í ákæru er Sigurbjörg Laufey sögð fyrrverandi sambýliskona ákærða, en upplýst er í málinu, að þau voru í hjónabandi og Sigurbjörg Laufey því fyrrverandi eiginkona ákærða.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum refsidómum:

[Sbr. bls. 556 að framan.]

Refsing.

Refsing ákærða verður metin annars vegar með tilliti til þess, að brot ákærða er hegningarauki við dóminn frá 16. mars sl., en hins vegar með hliðsjón af sakaferli ákærða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorlákur Gestur Hálfðánarson Jensen, sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 9. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 76-79/1990: Ákæruvaldið gegn A, Þorláki Gesti Hálfðánarsyni Jensen, B og C, sem tekið var til dóms 29. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 14. nóvember sl., á hendur ákærðu, „A, Þorláki Gesti Hálfðánarsyni Jensen, Írabakka 4,

Reykjavík, kennitala 270458-5809, B og C, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

I.

— — —

II. Ákærðu er öllum gefið að sök tékkafals með því að hafa í mars og apríl (sic) staðið saman að því að falska og nota í viðskiptum eftirgreinda tékka, sem ákærðu öll nema ákærði A skiptust á að rita til handhafa með útgefandanafnrituninni Hjalti Björnsson á tékkareikningsnúmerið 2002 hjá Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19, Reykjavík. Ákærðu deildu með sér andvirði tékkanna:

- 1) Tékki nr. 3956748, að fjárhæð kr. 30.000, dagsettur 5.3.1989. Seldur í Landsbankanum á Akranesi.
- 2) Tékki nr. 4070226, að fjárhæð kr. 20.000, dagsettur 5.3.1989. Seldur í Fíabúð í Njarðvík.
- 3) Tékki nr. 4070227, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 31.1.1989. Seldur í verslun Aðalstöðvarinnar hf., Keflavík.
- 4) Tékki nr. 4070228, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 23.3.1989. Seldur í bensínafgreiðslu Skeljungs hf., Fitjum, Njarðvík.
- 5) Tékki nr. 4070229, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 24.3.1989. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.
- 6) Tékki nr. 4070231, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 1.4.1989. Seldur í Blómastofu Guðrúnar, Keflavík.
- 7) Tékki nr. 4070232, að fjárhæð kr. 30.000, dagsettur 25.3.1989. Seldur í versluninni Rítu, Reykjavík.
- 8) Tékki nr. 4070235, að fjárhæð kr. 25.000, dagsettur 31.3.1989. Seldur í versluninni Optik, Hafnarstræti 20, Reykjavík.
- 9) Tékki nr. 4070236, að fjárhæð kr. 25.000, dagsettur 26.3.1989. Seldur á Flughótel, Hafnargötu 57, Keflavík.
- 10) Tékki nr. 4070237, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 5.3.1989. Seldur í Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105, Reykjavík.
- 11) Tékki nr. 4070238, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 23.3.1989. Seldur í versluninni Básnum sf., Keflavík.
- 12) Tékki nr. 4070239, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 23.3.1989. Seldur í verslun Aðalstöðvarinnar hf., Keflavík.
- 13) Tékki nr. 4070240, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 5.3.1989. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.
- 14) Tékki nr. 4070241, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 5.3.1989. Seldur í Verslunarbanka Íslands, Bankastræti 5, Reykjavík.
- 15) Tékki nr. 4070242, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 6.5.1989. Seldur í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði.

16) Tékki nr. 4070243, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 26.3.1989. Seldur á Hótel Esju, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

17) Tékki nr. 4070244, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 28.3.1989. Framseldur af ákærða Þorláki Gesti. Óvíst um notkun.

18) Tékki nr. 4070246, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 25.3.1989. Seldur á Gistiheimilinu Bergi, Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.

III. Ákærðu Gesti og C er gefið að sök að hafa 22. apríl 1989 notað í viðskiptum eftirgreinda tékka, út gefna til handhafa af Sigurði Karlssyni á tékkareikning hans nr. 64314 hjá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, dagsetta 22.4.1989, eftir að ákærðu höfðu breytt fjárhæð tékkanna úr kr. 2.000 í kr. 12.000:

1) Tékki nr. 2226344. Seldur í versluninni Brekkuváli, Hjallabrekku 2, Kópavogi, þar sem ákærða C falsaði á tékkann framsalsáritunina Sigurbjörg Bragadóttir, nnr. 7770-7065.

2) Tékki nr. 2226346. Seldur í Matvörubúðinni, Hraunbæ 4, Reykjavík.

3) Tékki nr. 2226349. Seldur í versluninni Von hf., Fljótaseli 36, Reykjavík.

IV.

— — —

Telst ofangreind háttsemi ákærðu samkvæmt liðum I-IV varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V. Ákærða Þorláki Gesti er gefið að sök að hafa í lok desember 1988 notað í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, hvorn að fjárhæð kr. 2.000, sem hann gaf út til handhafa á reikning nr. 31038 hjá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, án þess að eiga innstæðu í bankanum:

1) Tékki nr. 2118582, dagsettur 29.12.1988. Seldur í Matvörubúðinni, Hraunbergi 4.

2) Tékki nr. 2118582, dagsettur 30.12.1988. Seldur í söluturninum Candís, Eddufelli 4.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I.

— — —

II.

Í mars og apríl á sl. ári voru ákærðu öll saman við áfengisdrykkju og á ferðalagi á suðvesturhorni landsins. Hafa ákærðu B og C játað að hafa

í mars 1989 stadið saman að því að falsa og nota í viðskiptum þá 18 tékka, sem í ákæru greinir, og skipst á að rita þá til handhafa ásamt ákærða Þorláki Gesti Hálfánarsyni Jensen. Ákærði Þorlákur Gestur Hálfánarson Jensen hefur einnig játað framangreinda háttsemi að því undanskildu, að hann kveðst ekkert geta borið um tékkana í liðum 5, 11, 12, 13 og 18. Skiptust framangreind ákærðu á að rita tékkana í liðum 1-4, 6-10 og 14-17 til handhafa með útgefandanafnrituninni Hjalti Björnsson á tékkareikningsnúmerið 2002 hjá Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19, Reykjavík. Varðandi tékkana í liðum 5, 11, 12, 13 og 18 kveður ákærði B, að tékkann í lið 5 hafi ákærða C afhent sér til útfylltan og hann og ákærði A notað tékkann til greiðslu á ökugjaldi. Ákærði kveðst ekkert vita um tékkana í liðum 12 og 13, en tékkann í lið 18 kveðst ákærði hafa fyllt út að hluta til, en C að hluta. Kveðst ákærði hafa notað hann til greiðslu á Gistiheimilinu Bergi í Hafnarfirði fyrir sig og aðra konu. Ákærða C hefur kannast við að hafa ritað tékkann í lið 5, en kveðst ekkert vita, til hvers hann hafi verið notaður. Að því er varðar tékkana í liðum 11, 12 og 13, kveðst ákærða sjálf hafa ritað þá og notað í viðskiptum, og varðandi tékkann í lið 18, kveðst ákærða hafa ritað efni hans að hluta til og jafnframt fram-selt hann, en ekkert vita, til hvers hann hafi verið notaður.

Ákærði A bar við rannsókn málsins, að ákærðu hafi öll verið saman á fyllirri, og myndi hann ekki eftir því að hafa orðið vitni að því, að tékkar væru falsaðir. Þá hafi hann ekki komið nálægt slíku. Kvaðst ákærði þó hafa haft „um það vitneskju“, að hin ákærðu hafi verið að falsa tékka, en forðast að blanda sér inn í það. Kvaðst ákærði einungis hafa notið góðs af því, sem fyrir tékkana hefði fengist. Við dómsmeðferð málsins hefur ákærði á hinn bóginn borið, að hann hafi ekki vitað um tékkafals það, sem í ákærukafla þessum greinir, fyrr en hann hafi verið handtekinn. Hafi ákærði verið í slagtogi með ákærðu á þessum tíma og verið mikið undir áhrifum áfengis og lyfja og ekkert muna eftir ferðalagi sínu með ákærðu. Kveður ákærði framburð sinn um vitneskju um tékkafalsið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vera ónákvæman að þessu leyti, og sé dómsframburður sinn réttur.

Ákærði B hefur borið, að ákærði A hafi haft fulla vitneskju um nefndar tékkafalsanir. Ákærða C bar við rannsókn málsins, að A hafi vitað, hvað ákærðu voru að gera, og notið góðs af því, sem fyrir tékkana hefði fengist. Við meðferð málsins bar ákærða á hinn bóginn, að A hefði verið svo dauðadrukkin greint sinn, að hann hefði enga grein gert sér fyrir því, hvað fram fór varðandi fjármögnun annarra ákærðu með útgáfu tékkanna og notkun þeirra í viðskiptum, og hefði hann einungis notið góðs af fölsununum. Ákærði Þorlákur Gestur hefur frá upphafi borið, að ákærði A hafi ekkert vitað um, hvað fram fór varðandi tékka þá, sem í ákærukaflanum greinir, og einungis notið góðs af viðskiptum með þá.

Tékkunum og notkun þeirra er að öllu leyti rétt lýst í ákæru að öðru leyti en hér segir: Númer tékkans í lið 1 hefur misritast og á að vera 3956478, en ekki 3956748. Útgáfudagur tékkans í lið 2 á að vera 6. mars 1989, en ekki 5. mars sama ár. Þá á útgáfudagur tékkans í lið 3 að vera 31. mars 1989, en ekki 31. janúar sama ár. Að lokum hefur láðst í upphafi ákærulýsingar að geta, hvaða ár tékkarnir voru falsaðir. Úr öllu framangreindu var bætt við meðferð málsins, og komu fram fullkomnar varnir af hálfu verjenda ákærðu af því tilefni, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Sannað er með framburði ákærðu B, C og Þorláks Gestis, að ákærðu hafa gerst sek um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæru, að öðru leyti en því, að ákærði Þorlákur Gestur er sýknaður af aðild að falsi í liðum 5, 11, 12, 13 og 18. Varðar háttsemi ákærðu B og C í öllum liðum og ákærða Þorláks Gestis í liðum 1-4, 6-10 og 14-17 við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hins vegar verður eigi talið, að fram sé komin fyllilega lögfull sönnun um það, að ákærði A hafi átt aðild að fölsunum þeim, sem í ákæru getur, eða haft vitneskju um hana, gegn neitun hans fyrir dómi og með hliðsjón af dómsframburði meðákærðu C og Þorláks Gestis. Ber því að sýkna ákærða A af sakargiftum í máli þessu.

Í málinu hafa verið lagðar fram eftirtaldar bótakröfur vegna fölsunar tékka þeirra, sem í ákærukafla þessum greinir:

1. Landsbanki Íslands á Akranesi krefst bóta vegna tékkans í lið 1, að fjárhæð kr. 30.000, ásamt dráttarvöxtum. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu fjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. mars 1989 til greiðsludags.

2. Fiabúð í Njarðvík krefst bóta vegna tékkans í 2. lið, að fjárhæð kr. 20.000, auk dráttarvaxta. Ber að dæma ákærðu C, sem falsaði nafn útgefanda tékkans, til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, þar eð bótakröfu er eingöngu beint að útgefandanum.

3. Aðalstöðin hf. í Keflavík krefst bóta vegna tékkans í 3. lið, að fjárhæð kr. 3.000, auk dráttarvaxta. Dæma ber ákærðu C, sem falsaði nafnritun útgefanda tékkans, til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, en bótakröfu er einungis beint að útgefandanum.

4. Shellstöðin, Fitjum, krefst bóta vegna tékkans í 4. lið, að fjárhæð kr. 15.000, auk vaxta. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu fjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. mars 1989 til greiðsludags.

5. Maður að nafni Auðunn Guðmundsson leigubifreiðarstjóri krefst

bóta vegna tékkans í lið 5, að fjárhæð kr. 4.000, auk dráttarvaxta. Engar frekari upplýsingar eru í málinu varðandi bótakrefjanda. Þykir því eigi unnt að dæma um bótakröfuna í þessu máli, og ber að vísa henni frá saka-dóminum.

6. Blómastofa Guðrúnar, Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 6. lið, að fjárhæð kr. 5.000, auk dráttarvaxta. Ber að dæma ákærðu C, en hún falsaði nafn útgefanda á tékkann, til greiðslu fjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, þar eð bótakrafan beinist eingöngu að útgefandanum.

7. Gleraugnaverslunin Optik sf., Hafnarstræti 20, Reykjavík, krefst bóta vegna tékkans í 8. lið, að fjárhæð kr. 8.000, ásamt vöxtum. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu fjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 31. mars 1989 til greiðsludags.

8. Flughótel, Hafnargötu 57, Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 9. lið, að fjárhæð kr. 25.000, auk dráttarvaxta. Þá liggja einnig frammi í málinu ógreiddir reikningar frá nefndum aðila, að fjárhæð kr. 69.342, og þess einnig krafist, að sú fjárhæð verði greidd. Þar sem ákæra málsins snýst ekki um þennan þátt, er eigi unnt að fjalla um kröfu þessa, og þykir verða að vísa henni frá sakadóminum. Samkvæmt þessu ber að dæma ákærðu C, sem falsaði nafn útgefanda á tékkann, til að greiða kröfuhafa kr. 25.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, en bótakröfu er einungis beint að útgefanda.

9. Útveggsbanki Íslands hf., Laugavegi 105, Reykjavík, krefst bóta vegna tékkans í lið 10, að fjárhæð kr. 5.000, auk dráttarvaxta. Ber að dæma ákærðu B, C og Þorlák Gest óskipt til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

10. Básinn sf., Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 11. lið, að fjárhæð kr. 5.000, auk dráttarvaxta. Verður ákærðu C dæmd til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, þar eð ákærða falsaði nafnritun útgefanda á tékkann og bótakröfu er eingöngu beint að útgefanda hans.

11. Aðalstöðin hf., Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 12. lið, að fjárhæð kr. 5.000, auk dráttarvaxta. Verður ákærðu C, sem falsaði nafn útgefanda á tékkann, dæmd til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, en bótakröfunni er aðeins beint að útgefandanum.

12. Magnús Þorsteinsson, Háaleiti 5, Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 13. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk dráttarvaxta. Verður ákærðu C dæmd til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt

7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, þar sem ákærða ritaði nafn útgefanda á tékkann og bótakrafan beinist eingöngu að útgefandanum.

13. Verslunarbanki Íslands, Bankastræti 5, Reykjavík, krefst bóta vegna tékkans í 14. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk dráttarvaxta. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu nefndrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

14. Útvegsbanki Íslands hf., Hafnarfirði, krefst bóta vegna tékkans í 15. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk vaxta. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

15. Hótel Esja, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, krefst bóta vegna tékkans í 16. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk vaxta. Ber að dæma ákærðu B, C og Þorlák Gest óskipt til greiðslu kröfufjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

16. Einar Bollason, Bræðratungu 23, Kópavogi, krefst bóta vegna tékkans í 18. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk vaxta. Verða ákærðu B og C dæmd óskipt til að greiða þá fjárhæð ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

III.

Ákærði Þorlákur Gestur hefur játað við rannsókn og meðferð málsins að hafa hinn 22. apríl 1989 notað í viðskiptum þá 3 tækka, sem í ákærukafli þessum greinir, út gefna til handhafa af Sigurði Karlssyni á tékkareikning hans nr. 64314 hjá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, dagsetta 22. apríl 1989, eftir að ákærði hafði breytt fjárhæð tékkanna úr kr. 2.000 í kr. 12.000. Þá hefur ákærða C játað að hafa falsað nafnið Sigurbjörg Bragadóttir, nnr. 7770-7065, og notað tékkann í viðskiptum með Þorláki Gesti, en neitað að vita nokkuð um tékkana í liðum 2-3. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæru nema sem hér segir: Á tékkann í lið 1 ritaði Sigurður Karlsson reikningsnúmerið 68314, en ekki 64314, eins og í ákæru greinir. Þá var tékkinn í ákæruleið 2 seldur í Matvöruversluninni, Hraunbergi 4, Reykjavík, en ekki Hraunbæ 4, og að lokum var tékkinn í ákæruleið 3 seldur í versluninni Nesvali, Melabraut 57, Seltjarnarnesi, en ekki í versluninni Von, Fljótaseli 36, Reykjavík. Var framangreint leiðrétt við meðferð málsins og varnir fluttar af verjendum í samræmi við það, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt framansögðu er sannað með játningu ákærða Þorláks Gests, að hann hefur gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og varðar það við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Þá er

og sannað með játningu ákærðu C, að hún hefur falsað umrædda framsals-áritun á tékkann í lið 1 og þannig orðið brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en gegn neitun hennar verður að telja ósannað, að hún hafi átt aðild að falsi og notkun tékkanna í 2. og 3. lið ákærukafla þessa.

Verslunin Brekkuval sf., Hjallabrekku 2, Kópavogi, krefst bóta vegna tékkans í lið 1, að fjárhæð kr. 12.000, ásamt vöxtum. Verða ákærðu dæmd óskipt til greiðslu kröfufjárhæðarinnar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. apríl 1989 til greiðsludags.

Af hálfu Matvöruverslunarinnar, Hraunbergi 4, Reykjavík, er krafist bóta vegna tékkans í lið 2, að fjárhæð kr. 12.000, auk vaxta. Verður ákærði Þorlákur Gestur dæmdur til greiðslu kröfunnar ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. apríl 1989 til greiðsludags.

Pá er af hálfu fyrirtækisins Vonar hf., Fljótaseli 36, Reykjavík, krafist bóta vegna tékkans í lið 3, að fjárhæð kr. 12.000, auk vaxta. Ber að dæma ákærða Þorlák Gest til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. apríl 1989 til greiðsludags.

IV.

— — —

V.

Í lok desember 1988 notaði ákærði Þorlákur Gestur þá 2 tékka, hvorn að fjárhæð kr. 2.000, sem í ákærukafla þessum getur, í staðgreiðsluviðskiptum. Gaf ákærði tékkana út til handhafa á reikning sinn nr. 31038 hjá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, án þess að innstæða væri næg fyrir þeim. Ákærði fylgdist ekki með stöðu reikningsins, en taldi innstæðu vera fyrir tékkunum, er hann gaf þá út. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæru að öðru leyti en því, að númer tékkans í lið 2 á að vera 2118583, en ekki 2118582, eins og í ákæru greinir. Var þetta leiðrétt við meðferð málsins og vörn flutt með hliðsjón af því, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Eigi verður talið fyllilega sannað, að ákærði hafi með útgáfu tékkanna orðið brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga, og ber að sýkna hann af því. Á hinn bóginn hefur ákærði með háttsemi sinni brotið gegn 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, enda var verjanda hans gefinn kostur á að flytja vörn með tilliti til þess, að brotið gæti varðað við það ákvæði, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrirtækið Magnar hf., Hraunbergi 4, Reykjavík, hefur krafist bóta vegna tékkans í lið 1, að fjárhæð kr. 2.000, auk vaxta. Verður ákærði

dæmdur til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. ágúst 1988 til greiðsludags.

Þá hefur Verslunin Candís-söluturn, Eddufelli 4, Reykjavík, krafist bóta vegna tékkans í 2. lið, að fjárhæð kr. 2.000, auk vaxta. Ber að dæma ákærða til greiðslu kröfufjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. ágúst 1988 til greiðsludags.

Sakaferill ákærðu.

— — —

Ákærði Þorlákur Gestur hefur samkvæmt sakavottorði sínu sætt eftirtöldum refsisdómum vegna brota gegn almennum hegningarlögum:

[Sbr. bls. 556 að framan]

Refsingar.

— — —

Refsingu ákærða Þorláks Gest ber að ákveða með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, og telst hún hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 5. til 12. apríl 1989, samtals 8 dagar.

— — —

Skaðabætur.

Ákærðu verða dæmd til greiðslu skaðabóta, eins og að framan greinir.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu C til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfileg kr. 40.000, og ákærða Þorlák Gest til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, sem þykja einnig hæfileg kr. 40.000. Þá ber með skírskotun til úrslita málsins að dæma ríkissjóð til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða A, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði A skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði B sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærða C sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Þorlákur Gestur Hálfðánarson Jensen sæti fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 5. til 12. apríl 1989.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu B og C, og skulu þær niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvort um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu B, C og Þorlákur Gestur greiði óskipt:

1. Landsbanka Íslands, Akranesi, kr. 30.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. mars 1989 til greiðsludags,
2. Shellstöðinni, Fitjum, kr. 15.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. mars 1989 til greiðsludags,
3. Gleraugnaversluninni Optik, Hafnarstræti 20, Reykjavík, kr. 8.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 31. mars 1989 til greiðsludags,
4. Útvegsbanka Íslands hf., Laugavegi 105, Reykjavík, kr. 5.000 ásamt almennum vöxtum frá 3. apríl 1989 til greiðsludags,
5. Verslunarbanka Íslands, Bankastræti 5, Reykjavík, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 4. apríl 1989 til greiðsludags,
6. Útvegsbanka Íslands hf., Hafnarfirði, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags,
7. Hótel Esju, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum frá 4. apríl 1989 til greiðsludags.

— — —

Ákærði Þorlákur Gestur greiði:

1. Matvöruversluninni, Hraunbergi 4, Reykjavík, kr. 12.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. apríl 1989 til greiðsludags,
2. Von hf., Fljótaseli 36, Reykjavík, kr. 12.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. apríl 1989 til greiðsludags,
3. Magnar hf., Hraunbergi 4, Reykjavík, kr. 2.000 ásamt almennum vöxtum frá 23. ágúst 1988 til greiðsludags,
4. Versluninni Candís-söluturni, Eddufelli 4, Reykjavík, kr. 2.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. ágúst 1988 til greiðsludags.

Ákærða C greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000, og ákærði Þorlákur Gestur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða A, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000, greiðist úr rikissjóði. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.